

flokksstarfið

Félag framsóknarkvænna í Reykjavík

Fundur 4. október kl. 8.30 að Rauðarárstíg 18. Fundarsal. Fundarefni: Kvenfélög í nútímapjöðfélagi. Gestur fundarins Svala Thorlacius. Mætið vel. Stjórnin.



Orkumál Hringborðs-umræður



Framsóknarfélag Reykjavíkur gengst fyrir hringborðsumræðum um orkumál í kaffiteríunni Rauðarárstíg 18, fimmtudaginn 4. október kl. 20.30. Umræðum stjórn: Valdimar K. Jónsson prófessor og Dr. Bragi Arnason, sem báðir eru í orkunefnd Framsóknarflokksins, en orkunefndarmenn mæta allir á fundinn.

Framsóknarfélag Reykjavíkur.

Hádegisfundur SUF

verður haldinn miðvikudaginn 3. október í kaffiteríunni Hótel Heklu Rauðarárstíg 18. Gestur fundarins Kristján Benediktsson borgarfulltrúi. Ungir Framsóknarmenn hvattir til að mæta. SUF.



Framsóknarfélag

Rangæinga



Umræðufundur með þingmönnum Jóni Helgasyni og Þórarni Sigurjónssyni verður haldinn að Hvoli fimmtudaginn 4. október kl. 21. Framsóknarmenn í Rangárvallasýslu eru hvattir til að mæta. Stjórnin

Stjórnin



Lundúnaferðir

Eins og undanfarin ár ætlar Samband ungra framsóknarmanna að leita eftir tilboðum í Londonferðir hjá ferðaskrifstofum.

Ætlað er að ferðirnar verði farnar í nóvemberbyrjun og nóvemberlok. Ef næg þátttaka verður ætlu ferðirnar að geta orðið mjög ódýrar.

Væntanlegir þátttakendur leiti upplýsinga á skrifstofu SUF, sími 24480. SUF.

Að sjálfsögðu

um leikmyndir sumra verka, einkum erlendra.

Að visu má segja sem svo, að svipað gildi um leikstjórn og fleira, þar fylgja leikjum oft ítarleg fyrirmæli. Oft hafa leikarar og leikstjórar tækifæri til þess að sjá verkin erlendis, áður en þau eru sviðsett hér heima. Þannig að þar er oft farið að hefð, og maður reiknar yfirleitt með því sem sjálfgefnu. Þetta eru atriði, sem vel mætti segja frá í leikskrá, — hvort uppfærsla, leikstjórn og leikmynd er sniðin eftir einhverjum ákveðnum sýningum, eða hvort um frumgerð er að ræða. Það gæfi nýtt tilefni til þess að fjalla ítarlega um leikmyndir og muni, án þess að verða sér til skammar.

Annamarkar á innflutningi sjónleikja


Það væri of mikil einföldun að telja að eftirmyndir nái til leikmyndanna einna. Útkjálka-fólk á smáu málsvæði hefur í raun og veru enga tryggingu fyrir því að erlend leikverk berist því fersk inn á íslensk leiksvið, því oft verður að skapa hálf íslensk verk úr erlendum efniviði.

Jafnvel þýðingar verka geta orkað tvímælis. Gagnrýnendur eða leikhúsgestir eiga þess yfirleitt ekki kost að bera saman frumtexta og hinn íslenska, og það er lítið gagn í því að andskotast út í þýðingar, ef frumtextann vantar, eins og brenna vill við, og við höfum nýlega dæmi um. Maður, sem ég þekki, segir mér t.d. að klúr-yrði, sem nú séu notuð í íslensku í einu leikhúsi, séu ekki í frumgerð verksins (enska textanum), heldur hafi ýms kynfæri komist inn í verkið í þýðingunni, og nýlega var þýðing á verki eftir heimsfrægt skáld, sem nefnt hefur verið til nóbelsverðlauna, gagnrýnd mjög harðlega eða nánast fordæmd í blöðunum af bókmenntafræðingi, án þess að greinarhöfundur hefði frumgerð verksins undir höndum, enda greinir hann frá því sjálfur, og hvernig á almenningur þá að átta sig á hlutunum.

Þetta eru sum sé hinir óljósu hlutir í leikhúsinu, en á þá er minnst hér, til að undirstrika, að það eru ekki aðeins leikmyndirnar sem maður tortryggir stundum sem íslensk sköpunarverk, heldur á þetta við um nær alla listræna þætti leikhúsanna, og þyrfti sem áður sagði að bæta úr þessu, áhorfenda vegna, til dæmis með því að leikhúsin gæfu meiri upplýsingar um föng sín fyrir hverja sýningu en nú er gjört. Er verkið sniðin eftir erlendri hefð, leiktjöld, leikstjórn, leikur, ljós, skyggjarnur og hljóð o.fl. eða hefur leikhúsið aðeins fengið vélritaðan texta, sem það hefur síðan unnið sjálft og sniðin að sínum smekk og aðstæðum.

Sýning leikmyndateknara sýnir okkur, að við eigum færa sviðsmyndlistamenn. Ekki aðeins hagleiksmenn, heldur einnig listamenn, sem hafa næmt auga fyrir leikhúsvorkum.

Við skoðun á þessum verkum, gerir maður sér betur grein fyrir starfi þeirra og aðstöðu. Ég þekki að visu ekki smíðastofur þessara manna, en margir hafa orðið að gjöra



Útvarp kl. 21.45:

Jón Óttar

Næring og heilsa

Jón Óttar Ragnarsson mun í kvöld kl. 21.45 lesa upp úr nýutkominni bók sinni „Næring og heilsa“. Að sögn Jóns mun hann stikla á stóru og meðal annars koma inn á heilsufar Íslendinga, næringarskort og vannær-

ingu, ofát og offitu, megrunarfæði og ýmsar reglur um rétt mataræði. Efni þetta væri af hafa úr mörgum köflum bókarinnar og kvaðst hann mundu tengja það saman jafnóðum.

myndir við ábúðarfull verk fyrir þróng og litil svið, þar sem möguleikar til skiptinga eru nánast engir.

Einstök svið, senur og munir

Þeir sem sækja leikhús að staðalri, þekkja þarna ýmsa muni, senur og sviðsmyndir. Þarna er að vinna líkón, gerð af undursamlegum hagleik, tjöld, húsbúnað, altarisbrikur, „höggmyndir“, jafnvel snittur með rækju og rjómatertur, sem sleggjur vinna ekki á. Sérlega var gaman að sjá þarna leikmyndina við Leiguhjall Tennessee Williams, sem þjóðleikhúsið er að sýna núna, hvernig módelið skilar sér af furbulegri nákvæmni inn á svið þjóðleikhússins. Þetta er einmitt dæmi um mjög vel heppnaða leikmynd. Líka er það undrunarefni hvað margir fast við þessa listgrein í ekki stærra landi. Aldursforsetinn er Lárus Ingólfsson (1905) en í ljós kemur að það eru einkum myndlistarmenn og myndhöggvarar, sem gera leikmyndir. Lárus er þó undantekning, því hann er leikari og visna-söngvari, sem lærði líka leiktjaldamálun.

Sérstök ánægja er það einnig að sjá búningateikningar, sem á veggjunum hanga, frumdrög að leikbúningum við ýmsar merki-legar leikmyndir, og fleira mætti nefna.

Megináhrif þessarar sýningar hljóta þó að felast í því, að leikmyndir munu framvegis vekja meiri athygli þeirra gagnrýnenda og leikhúsgesta, er sýning-

una sjá. Menn vakna til meðvitundar um að þetta eru ekki aðeins sjálfsagðir hlutir, heldur listræn vinna, sjálfstæð, nýsköpun listaverk (a.m.k. stundum), sem gjarnan mætti hefja til meiri vegs í umræðu og skilningi á leikhúsinu sjálfu. Jónas Guðmundsson

Söguslóðir

Ólafur R. Einarsson: Draumsýn Ólafs Friðrikssonar árið 1914. Ólafur M. Ólafsson: Viðurlag við tilvisunarfornafn í Íslenzku og þýzku.

Sigurður Ragnarsson: Sagnfræðin og kalda stríðið.

Sveinn Skorri Höskuldsson: Sjálfsmorð og strand — Tvö dæmi um endurtekin minni í sögum Gunnars Gunnarssonar. Vilmundur Gylfason: Frælsishugtakið í öndverðri sögu Bandaríkjanna.

Þórhallur Vilmundarson: Bruninn mikli í Kaubmannahöfn 1728.

Askrifendur að Söguslóðum geta vitjab ritsins í afgreiðslu Sögufélags að Garðastræti 13B, gengið inn frá Fischersundi, opið virka daga kl. 14—18, sími 14620.

Svavar stýrir

Verslunarráði Íslands og Jón H. Bergs frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þar sem Ísland hefur á hendi formennsku í ráði EFTA sðari hluta þessa árs mun Svavar Gestsson viðskiptaráðherra stýra fundi ráðgjafarnefndarinnar að þessu sinni.

Bílkranir til sölu

Foco 2 1/2 tonna bílkranir til sölu. Upplýsingar á kvöldin í síma 34292.

Vík í Mýrdal

Húseignin Austurvegi 13, ásamt bílskúr er til sölu.

Upplýsingar gefur Símon Gunnarsson, Vík í síma 99-7172 og 99-7201.



Eiginmaður minn,

Jens P. Hallgrímsson

frá Vogu í Skerjafirði,

lést í Landspítalanum þ. 30. september.

Sigríður Ólafsdóttir.

Þökkum af alhug auðsýnda vináttu og samúð við andlát og jarðarför dóttur minnar og systur okkar

Kristrúnar Sveinsdóttur

frá Hrafnkelsstöðum
Bjarnarstíg 10, Reykjavík

Innilegustu þakkir færur við læknum og starfsfólki deildar A6 Borgarspítalans.

Sigríður I. Haraldsdóttir
systkini og tengdafólk.



MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR

Sími: 11125

korinnýlla foderblouðun koggli



FÓÐUR foderið sem bændur trýsta

Kúafóður — Sauðfjárfóður

Hænsnafóður — Ungafóður

Svínafóður — Hestafóður

Fóðursalt



MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR
LAUGARVEGI 164, REYKJAVÍK
SÍMI 11125